

Tillaga til lagabreytinga

– Ágreiningsmál og staðalsamningur þjálfara –

Grein 29 í lögum KSÍ

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2020 samþykki tillögu að breytingum á grein 29 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 29:

29. grein – Samninga- og félagaskiptanefnd

29.1. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna og þjálfara við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага.

29.2. Um hæfi þeirra sem skipa samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu ekki sitja í stjórnunum aðildarféлага.

Greinargerð

Undanfarin misseri hafa átt sér stað viðræður á milli KSÍ og knattspyrnuþjálfarafélags Íslands KÞÍ um mögulega innleiðingu á staðalsamningum fyrir þjálfara í regluverk KSÍ. Nánar tiltekið hefur það verið skoðun stjórnar KÞÍ um nokkurt skeið að úrbóta sé þörf á stöðu þjálfara. Eitt þeirra atriða lýtur að núverandi fyrirkomulagi í ágreiningsmálum milli þjálfara og féлага/knattspyrnudeilda. Það er, að skjóta þurfi slíkum ágreiningsmálum til dómstóla þar sem ekki eru til staðar úrræði innan knattspyrnuhreyfingarinnar að leysa úr slíkum málum. Það er skoðun stjórnar KÞÍ að knattspyrnuþjálfarar standi að þessu leyti höllum fæti gagnvart mörgum öðrum starfsstéttum sem t.d. hafa ýmis úrræði að leita réttar síns á grundvelli kjarasamninga. Hefur stjórn KÞÍ m.a. bent á þetta á opinberum vettvangi og í skriflegum erindum til KSÍ, t.d. í bréfum 11. október 2017 og 9. desember 2018. Það er skoðun stjórnar KSÍ og stjórnar KÞÍ að úrbætur verði ekki knúðar fram nema um það sé samstaða innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Af þeim ástæðum samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum þann 22. nóvember 2019 að leggja það til að ársþing 2020 samþykkti framangreinda breytingartillögu á lögum KSÍ. Verði tillaga þessi samþykkt mun stjórn KSÍ í samvinnu við stjórn KÞÍ innleiða staðalsamning KSÍ fyrir þjálfara og gera um leið nauðsynlegar breytingar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага.

Stjórn KSÍ